

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	14.468
3.101 – 6.000 lítra	16.710
6.001 – 10.000 lítra	33.553
10.001 og stærri	101.373

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald en hreinsunaraðili sér um að innheimta það.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1693/2024.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. desember 2025.

Borgarnesi, 19. desember 2025.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 13. janúar 2026